

Vanosan

Hreinsir fyrir hringrásarkerfi og geymslutanka



Lýsing

Áhrifaríkt hreinsiefni fyrir hringrásarkerfi. Blanda byggð á natriumhýdroxíði og klór er fljótvirkandi og fjarlægir mjólkurleifar örugglega í hvers kyns kælikerfi, mjólkurtanka og mjólkurbú. 25 lítra brúsi jafngildir 5000 lítrum af hreinsilausn. VANOSAN blandast auðveldlega og má nota með hörðu og mjúku vatni. Það leysir upp fitu og hindrar uppsöfnun mjólkursteins.

Eiginleikar og ávinningur

- Basískt/klórað efni
- Blandast auðveldlega
- Hentugt fyrir sjálfvirk mjólkurbú
- Viðbætt tengiefni. Mjög áhrifaríkt í hörðu vatni.

Notkun

HRINGRÁSARHREINSUN MJÓLKURTANKA

Um leið og tankurinn hefur verið tæmdur, skolið vandlega með hreinu, köldu vatni. Blandið VANOSAN í 70°C heitt vatn í hlutföllunum 200ml/40ltr. og látið streyma um kerfið í 15-20 mínútur áður en lausnin er losuð í fráveitu. Skolið þá með hreinu vatni og tæmið.

HREINSUN MJALTABÚNAÐAR

Strax eftir mjaltir, hreinsið ytra byrði búnaðarins, þ.e. spenahylkin. Skolið vandlega með hreinu, köldu vatni til að fjarlægja mjólkurleifar og látið renna í niðurfall. Blandið VANOSAN í 77-82°C heitt vatn í hlutföllunum 200ml/40ltr. Veitið lausninni í kerfið en látið renna út þar til kerfið er farið að skila a.m.k. 50°C heitri lausn. Stillið þá á hringrás og látið streyma um kerfið í 10 mínútur. Veitið lausninni þá í fráveitu. Eftir hreinsun, skolið kerfið vandlega með hreinu, köldu vatni og tæmið.

Samsetning

Inniheldur blöndu natriumhýdroxíðs, natriumhýpóklóríts og tengiefna.

Hefðbundin gildi

Útlit:	Vökvi
Lykt	Klór
Eðlisþyngd (20°C)	1,210
Litur	Fölgulur
pH-óblandað	11,50
Geymsluþol/óopnað	12 mánuðir

Umbúðir

Pakkning	Pöntunarkóði	Stærð brettis
25 L	R069K	24 x 25 L
200 L	R069N	4 x 200 L

Geymsla

Geymið innsiglað í upprunalegum ílátum og hvorki í miklum hita né kulda.

Lífbrjótanleiki

Öll yfirborðsvirk efni í vörum frá Evans Vanodine uppfylla kröfur gildandi Evrópuregla um lífbrjótanleika og umhverfisvernd.

Gæðatrygging

Þessi vara er framleidd í Bretlandi af EVANS VANODINE INTERNATIONAL PLC samkvæmt gæðastjórnunarkerfi sem skráð er hjá THE BRITISH STANDARDS INSTITUTION. Vottunarnr.: FM 09535

Dagsetning endurskoðunar: 3/2012



REKSTARLAND

Rekstrarland – Skeifan 11 – 105 Reykjavík – Pöntunarsími: 515 1100
netfang: pontun@rekstrarland.is www.rekstrarland.is